

Hverfisráð skipa Ingimar Ragnarsson formaður, Júlíus Freyr Theodórsson varaformaður og Ingibjörg Guðmundsdóttir ritari. Þetta Hverfisráð Hríseyjar var kosið á aðalfundi í desember 2011. Við komum öll ný inn í ráðið á þeim fundi. Eitt ár er ekki lengi að líða en á þessu tímabili voru haldnir sex fundir og hreinsunardagur.

Hverfisráð tók fyrir fjölda mála og má þar nefna: Bætt netsamband í eyjunni og opunnartími sundlaugarinnar á helgidögum og mögulega tilfærslu á almennum opunnartíma. Við sendum auk þess frá okkur erindi eða áskorun á íbúa og sumarahúsa eigendur um bætta umferðamenningu en það lagðist misjafnlega í fólk. Langflestir voru okkur þó þakklátir og töldu átakið brýnt.

Byggðakvóti var til umræðu og sérákvæði sem gilda um úthlutun hans í Hrísey. Ráðið ákvað að halda þeim reglum óbreyttum en vill jafnfram benda á að hægt er að ræða tillögur að breytingum fyrir næsta fiskveiði ár ef vilji er fyrir því.

Eitt af þeim málum sem ráðið ræddi líka var málefni heilsugæslunnar. Það sárvantar að læknir komi og hitti íbúa reglulega. Við höfum sjálf upplifað tilfelli þar sem eldra fólk fer ekki til læknis vegna þess hversu erfitt því finnst að fara til Dalvíkur eða inn á Akureyri. Farið var yfir þau tæki sem nýtt eru hér í eyjunni til snjómoksturs og ástand þeirra. Í kjölfar þess var ákveðið að senda frá okkur áskorun til bæjaryfirvalda að bæta úr því. Hverfisráðið sendi tillögur til bæjaryfirvalda vegna fjárhagsáætlunar og voru það ýmisar tillögur lagðar fram t.d. bætt götulýsing, gróðursetning, frágangur á grendarstöðvum, skipulag á hátíðarsvæði, úrbætur á Austurvegi svo eitthvað sé nefnt en þessar tillögur eru ekki nýjar af nálinni þær hafa verið lagðar fram áður. Við fögnuðum þeirri ákvöðun í fyrra að dregin var til baka sú ákvörðun að loka „jórunni“ en við veltum því jafnfram fyrir okkur afhverju hún sé ekki komin í gang aftur.

Í sumar tóku íbúar sig saman og boðuð til vinnustundar á hátíðarsvæðinu. Gengið var í að hreinsa beð og snyrta runna. Þetta uppátæki heppnaðist mjög vel og vakti mikla athygli. Átakið sýndi það að þegar á reynir er samtakamáttur íbúa til fyrirmyndar, takk fyrir frábært framtak. Það var töluverð þörf á þessu átaki en í sumar var ekki starfandi vinnuskóli í eyjunni og aðeins tveir starfandi að jafnaði í vinnu. Við þökkum fyrir þá ábyrgð sem okkur var falin með því að

vera kosin í Hverfisráð Hríseyjar og viljum við óska þess að næsta ráð haldi áfram að vinna að því að gera gott samfélag betra.

Með kærri jólakveðju,

---

---

---